

Ed.

253. Nefndarátt

um frumvarp til laga um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum
rjett til þess að vera dómtúlkar og skjálþýðndur.

Nefndin er skipuð var í þetta mál, leyfir sjer að leggja til, að það verði
samþykkt eins og það kom frá neðri deild, þó með nokkrum breytingum sem
fremur eru orða- en efnisbreytingar, með því að vitað er, að fyrir nefndinni í

neðri deild, er fjallaði um frumvarpið, vakti það sem 1. og 3. breytingartillaga hjer á eftir taka fram. Fyrir þessu mun gerð nánari grein í framsögunni.

Alþingi 29. júlí 1914.

Eiríkur Briem
formaður.

Björn Þorláksson
skrifari.

H. J. Kristófersson.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Við 2. gr. Í staðinn fyrir »Ef maður vill . . . skjöl úr og á«, komi:
Ef maður vill öðlast þann rjett, er um er rætt í 1. gr., skal hann hafa sannað fyrir Stjórnarráðinu, að hann kunni nægilega vel þá tungu, sem hann vill öðlast rjett til að túlka fyrir dómi eða þýða skjöl úr og á, og að hann hafi að öðru leyti þá þekkingu til að bera, er ætla má, að fullnægjandi sje til að leysa þau störf vel af hendi.
2. — 3. - Í staðinn fyrir »er getur« komi:
er um er rætt.
3. — 3. - Aftan við greinina bætist:
Rjett er þó, að aðrir menn sjeu dómtúlkar og skjál-
þýðendur, ef þeir eru dómkvaddir til þess í hvert skifti.